

270. fundur Skólanefndar FS

10. maí 2005



Mættir: Kristbjörn Albertsson formaður, Ingimundur Þ. Guðnason, Garðar Páll Vignisson, Páll Ingólfsson, Albert Albertsson, áheyrnarfulltrúarnir Þorbjörg Garðarsdóttir og Gústav A.B. Sigurbjörnsson og Oddný Harðardóttir skólameistari.

Formaður setti fund og síðan var gengið til dagskrár.

- Dagskrá:**
1. Kynningarbæklingar.
 2. Útskrift og innritun.
 3. Útboð reksturs mötuneytis og ræstinga.
 4. Skólasókn á Suðurnesjum.
 5. Önnur mál.

1. Kynningarbæklingar.

Skólameistari kynnti nýja kynningarbæklinga um skólann. Stærri bæklingi verður dreift til nemenda 10. bekkjar á svæðinu en hinn fer inn á öll heimili á Suðurnesjum. Nefndarmenn lýstu ánægju sinni með framtakið og bæklingana.

2. Útskrift og innritun.

Útskrift verður 21. maí en þá útskrifast rúmelga 90 nemendur. Alls hafa 652 sótt um skólavist á haustönn og reiknað er með að yfir 200 nýnemar bætist við þann hóp.

3. Útboð reksturs mötuneytis og ræstinga.

Skólameistari sagði frá útboðum vegna mötuneytis og ræstinga og svaraði spurningum nefndarmanna. Ríkiskaup annast útboðin en rekstur mötuneytis þarf að bjóða út á EES-svæðinu.

4. Skólasókn á Suðurnesjum.

Skólameistari sagði kynnti tölur frá Hagstofu Íslands um hlutfall ungmenna sem stundar nám í framhaldsskóla. Þetta hlutfall hefur hækkað mikið á Suðurnesjum undanfarin ár. Þó lækkar þetta hlutfall meira hér á aldrinum 17-19 ára. Skólameistari taldi nauðsynlegt að vinna markvisst gegn þessu brottfalli. Verið er að vinna að því innan skólans og þá er ætlunin að auka samstarf við heimilin.

5. Önnur mál.

- a) Rætt um nýjan inngang í nýbyggingu. Formaður taldi nauðsynlegt að setja þar sjálfvirkan opnara.

Fleira ekki gert og fundi slitið.

Guðmann Kristþórsson,
fundarritari

Drög

Útboð mótuneytis FS. Ríkiskaup annast það.

Útboðsyfirlit:

- EES útboð – já
- Opið útboð
- Kynningarfundur/vettvangsskoðun 31.05.2005 kl. 14:00
- Fyrirspurnarfrestur útrunninn 19.06.2005
- Svarfrestur útrunninn 22.06.2005
- Opnunartími tilboða 28.06.2005 kl. 11:00
- Opnunarstaður tilboða er: Ríkiskaup, Borgartúni 7, 105 Reykjavík
- Tilboð skulu gilda í 6 vikur eftir opnun þeirra.
- Samningstími 2 ár með mögulegri framlengingu
- Útboð þetta var auglýst á Evrópska Efnahagssvæðinu 04.05.2005.

1.1.1 Taka tilboða

Ríkiskaup munu taka hagstæðasta tilboði, eða hafna öllum.

1.1.2 Val á samningsaðila

Eftirfarandi atriði verða höfð til hliðsjónar við mat á tilboðum:

- Verð samkvæmt matseðli. (Hámark 55 stig)
- Matseðlar, fjölbreytileiki og hollusta í samræmi við ráðleggingar um mataræði. (Hámark 25 stig)
- Menntun, reynsla og ferill bjóðanda af sambærilegum rekstri, fyrri verkefni og umsögn. (Hámark 10 stig)
- Útfærsla á rekstri sem mætir markmiðum verkefnisins sem best. (Hámark 10 stig)

Skýringar

1) Bjóðendur bjóða í og tiltaka á tilboðsblaði verð fyrir máltíðir. Tilboðum bjóðenda verða gefin stig eða einkunn fyrir hvern tilboðspátt, að hámarki sem stendur aftan við hvern pátt, og stigin síðan lögð saman. Lægsta tilboðsverð fær mesta stigafjölda eða 55. Við verðmat gildir verð á hádegismáltíð 50% af verðstigum eða mest 27.5 stig og heildarverð úr lið B á tilboðsblaði 50% af verðstigum eða mest 27.5 stig. Eftir það ræður línulegt fall sem hér segir: Einkunn fyrir verðtilboð (V) frá bjóðanda "N" eða V_N er:

$$V_N = 55 \text{ stig} \times (\text{lægsta verð} / \text{verð}_N)$$

2) Skoðuð er tillaga bjóðanda að matseðlum og hollusta matarins sem bjóðandi hyggst bjóða upp á. Einnig er litið til hvort að bjóðandi hyggist hafa upplýsingar um næringargildi máltíða með hverri máltíð.

3) Hér er skoðuð formleg menntun bjóðanda og þeirra lykilstarfsmanna sem bjóðandi tilgreinir til verkefnis ásamt reynslu þeirra af hliðstæðum verkefnum. Væntanlegum verksala er ekki heimilt að skipta um starfsmenn í verkefninu nema

með samþykki verkkaupa. Einnig eru skoðuð framlögð gögn bjóðanda um fyrri verkefni og ummæli. Litið er til þess hvort bjóðandi rekur hliðstæðan rekstur eða veitingarekstur sem gengur vel á móti þeim sem fyrirhugaður er hjá verkkaupa.

4) Útfærsla bjóðanda á hugmyndum sem falla að markmiðum verkefnisins.

Heildarfjöldi stiga úr liðum 1 – 4, gefur heildareinkunn bjóðanda "N" fyrir alla matsþætti samtala einstakra þátta eða:

$$\text{Heildareinkunn} = 1_N + 2_N + 3_N + 4_N$$

Það tilboð verður talið hagstæðast sem hlýtur hæsta, vegna meðaleinkunn (heildareinkunn) allra matsþátta.


Athugið!

Við mat á tilboðum verður lögð áhersla á þau atriði sem fram koma hér að ofan, sem þýðir að tilboðsgjafar skulu fjalla um alla þætti forsendna til þess að öðlast eins mörg stig og unnt er. Með því einu að endurtaka viðmiðunarkröfur eins og þær koma fram í útboðsgögnum þessum, án þess að fjalla ítarlega um þær eða auka í engu við þær, leiðir til lágrar stigagjafar.

Ef bjóðandi fjallar ekki um þau lykilatriði, sem tilskilin eru í vali á samningsaðila, munu Ríkiskaup vísa bjóðanda frá matsferlinu á grundvelli þess að hann uppfylli ekki skilgreiningu.

Skólasókn á Suðurnesjum og á landinu öllu

Hlutfall úr árgangi eftir lögheimilum



Landið allt	89	76	67	61	90	77	67	62	89	80	70	64	91	81	72	67	91	82	74	68	93	83	74	68
Suðurnes	79	61	52	46	80	66	49	46	80	69	58	49	83	65	54	55	90	72	61	51	90	75	59	51